

Námskrá fyrir 5 ára deild Varmahlíðarskóla 2024 - 2025

Unnið af Svanhildi, Eyrúnu og Jónínu.

Læsi

Í læsiskennslu 5 ára deildar hefur verið lögð áhersla á að kenna íslensku máhljóðin í gengnum námsefnið *Lubbi finnur málbein* en þar eru máhljóðin kynnt með stuttri sögu, vísu og hreyfingu ásamt litríkum myndum sem styðja við málörvun og orðaforða. Námsefnið nýtist börnum frá 2-7 ára og styður við hljóðanám og leggur grunn að lestrarnámi.

Ásamt Lubba námsefninu er fjölbreytt vinna sem fer fram í tengslum við íslenska stafrófið og orðaforða í gegnum lestur, ritun, samræður og frjálsan leik. Í leik eflist hæfileiki barna til samskipta og málproski þeirra eykst, þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og beita tungumáli á fjölbreyttan hátt. Í starfinu er lögð áhersla á að börnin hafi óheftan aðgang að fjölbreyttum bókum, þau hvött til að lesa og skoða bækur sér til ánægju og fróðleiks auk þess fara börnin reglulega á bókasafnið og velja bækur.

Sömuleiðis er markvisst unnið með talnaskilning frá 0 - 10, tölustafi, form, mynstur og liti og lagður með því grunnur að stærðfræðinámi.

Sjálfbærni

Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Þannig er á deildinni lögð áhersla á vinsemd og virðingu gagnvart samnemendum, kennurum og öðru starfsfólki og læra börnin að umgangast náttúruna af virðingu, en slíkt fer fyrst og fremst fram í frjálsum leik í útiveru sem og skipulögðum göngu- og vettvangsferðum í nærumhverfinu.

Lögð er áhersla á að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum og opnum efnivið, úti sem inni, en rík áhersla var lögð á endurnýtingu leikfanga þegar deildin var opnuð þar sem fólk í nærsamfélaginu gaf skólanum notuð leikföng, spil og bækur.

Börnin fá fræðslu og vinna með lífríkið, náttúruna, dýralífið og árstíðirnar og fá tækifæri til að vera virk í umhverfisvernd til dæmis með því að ræða efnisnotkun og matarsóun, með því að flokka úrgang og ræða um hvers vegna flokkun er mikilvæg.

Heilbrigði og velferð

Leik- og námsumhverfi 5 ára deildar var hugsað og sett upp með þarfir þeirra og velferð í huga. Stofan er vistleg og rými til náms og leiks gott.

Gætt er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barnanna með því að ýta undir jákvæða sjálfsmynd og tjáningu tilfinninga.

Hjá 5 ára deildinni er lögð áhersla á alhliða hreyfingu sem eflir hreyfigetu barnanna og samhæfingu hreyfinga. Dagleg útivist, sund vikulega og fastir íþróttatímar skapa fjölbreytt tækifæri til hreyfinga auk þess sem þau fara í jóga og slökun. Þau fóru á dansnámskeið í desember og við höldum danspartý öðru hvoru. Farið er í fjölbreytta leiki bæði utanhúss og innan þar sem reynir á bæði fín og grófhreyfingar. Þau kynnast því að reyna á sig og hvíla og slaka á.

Unnið er að því að börnin þrói með sér jákvæða líkamsvitund. Verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir og tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.

Líkamleg umhirða, handþvottur og hreinlæti er í fyrirrúmi.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

Sjálfræði, umhyggja og virðing eru einkunnarorð deildarinnar. Í leik og námsumhverfi 5 ára deildar er lögð áhersla á að hvetja og styðja börnin í leik og starfi og að þau búi við umhverfi sem stuðlar að námi og vellíðan. Lögð er áhersla á lýðræðislega nálgun og þannig reynt að koma til móts við þarfir hvers einstaklings og á hans forsendum. Að börnin geri sér grein fyrir að við eigum öll rétt til að vera eins og við erum og þau læri að virða það.

Börnin kynnast barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og kennarar leggja sig fram við að gildi sáttmálans séu reglulega rædd í starfi með börnunum.

Lögð er áhersla á að börnin eigi jákvæð, viðurkennandi samskipti, sjái sjónarmið annarra, sýni umburðarlyndi og tillitssemi, virði verk hvers annars.

Unnið er sérstaklega með vináttuna gegnum leikinn, hvað er að vera góður vinur og sýna umhyggju fyrir öðrum, hjálpi hvert öðru, læri að deila með öðrum og hlusta á hvert annað.

Lögð er áhersla á að börnin læri að allir hafi jafnan rétt og beri sömu ábyrgð í leik og starfi. Að öll börnin hafi jafnan aðgang að leikefni og fái hvatningu til að leika sér með fjölbreyttan efnivið óháð kynbundnum hlutverkum.

Sköpun og menning

Lögð er áhersla á að tengja sköpun við umfjöllunarefni deildarinnar hverju sinni og lagt er upp með að börnin vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið, noti ýmis áhöld og þjálfí þannig fínhreyfingar og samhæfingu.

Börnin eru hvött til að tjá hugmyndir sínar og skapa út frá eigin upplifunum, t.d. í leik, myndlist, tónlist og leiklist. Unnið er með myndmennt og tónmennt reglulega í starfinu, búningaleikir eru fastir liðir og leikræn tjáning og leiklist þegar tækifæri gefast.

Unnið er að því að börnin þroski með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi.

Lagt er upp með að börnin hafi aðgang að margvíslegum búnaði og aðstæðum þar sem þau fá tækifæri til sköpunar, þau læra og þeim líður vel.

Í starfinu er leitast við að börnin þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim, kynnist mismunandi menningu og fjölbreytileika mannlífsins og auki með því vísýni sína.